

ENDURRIT
ÚR DÓMABÓK
HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR

Málið nr. S-718/2012

Ákærvaldið

(Hulda Hákonardóttir ftr.)

gegn

M

(Jón Elvar Guðmundsson hdl.)

Dómur 16. maí 2013

GSM/hg

Árið 2013, fimmtudaginn 16. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-718/2012: Ákærvaldið gegn M, en málið var dómtekið 22. f.m.

Málið er höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, dagsettri 10. október 2012, á hendur:

„M

fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, með því að hafa staðið skil á efnislega röngu skattframtali gjaldárið 2007 vegna tekjuársins 2006 með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram fjármagnstekjur samtals að fjárhæð kr. 120.026.444 sem voru tekjur ákærða af uppgjöri tveggja framvirkra skiptasamninga við MP Fjárfestingarbanka hf. (nú MP banka hf.), sem skattskyldar eru samkvæmt 3. tl. C-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og hafa með því komið sér undan greiðslu fjármagnstekjuskatts samtals að fjárhæð kr. 12.002.644, sem sundurliðast sem hér greinir:

Gjaldárið 2007:

Fjármagnstekjur:

Uppgjör framvirks skiptasamnings nr. 2006-166-001-0 dags. 3.2.2006 kr.
115.716.453

Uppgjör framvirks skiptasamnings nr. 2006-166-005-2 dags. 3.10.2006 kr.
4.309.991

Samtals vanframtaldar fjármagnstekjur:
120.026.444

kr.

Samtals vangreiddur fjármagnstekjuskattur, 10%:
12.002.644

kr.

Framangreint brot ákærða telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þess er krafist að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Með bréfi skattransóknarstjóra ríkisins til embætti sérstaks saksóknara, dagsettu 28. mars 2012, var máli ákærða vísað til lögreglu til þóknunarlegrar meðferðar eins og segir í bréfinu. Þar er því lýst að rannsókn skattransóknarstjóra hafi leitt í ljós að ákærði hafi staðið skil á efnislega röngu skattframtali til skattyfirvalda gjaldaárið 2007, vegna tekjuársins 2006 og hafi hann þá vanrækt að gera grein fyrir tekjum sem upprunnar voru í framvirkum skiptasamningum, samtals að fjárhæð 120.026.445 krónur.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 23. nóvember 2011 var tekjuskattur ákærða endurávarðaður vegna tekjuársins 2006. Úrskurður ríkisskattstjóra var ekki kærður til yfirskattanefndar.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglunni 14. september 2012. Ekki er ástæða til þess að rekja þá skýrslu eins og á stendur.

Nú verður rakinn framburður ákærða fyrir dómi og vitnisburður.

Ákærði neitar sök. Hann kvað efnislýsingu ákæru og fjárhæð rétta, en neitar sök af ástæðum sem raktar verða. Ákærði kvaðst hafa unnið með A endurskoðanda frá árinu 1999 við gerð skattframtals. Sami háttur hafi verið hafður á við gerð framtalsins. Framkvæmdin sé þannig að endurskoðandinn hringi í ákærða og biðji um upplýsingar fyrir gerð skattframtals. Ákærði hringdi þá í banka auk þess að fá þær upplýsingar sem þurfi frá vinnuveitanda. Allar upplýsingar og gögn sendi hann endurskoðanda sínum. Við gerð skattframtalsins sem hér um ræðir hafi hann einnig haft samband við verðbréfafyrirtæki sem hann vann með, en það hafi verið MP fjárfestingarbanki sem annaðist verðbréfavíðskipti ákærða. Bankinn sendi öll gögn

til endurskoðandans að beiðni ákærða. A hafi fengið umbeðin gögn og útbúið skattframtal sem sent var rafrænt og þannig skilað. Þessi háttur hafi ávallt gengið hnökralaust. Síðar kom í ljós að bankinn hafði sent endurskoðandanum upplýsingar um verðbréfavíðskipti ákærða, en ekki hafi verið sendar upplýsingar um skiptasamningana sem í ákæru greini. Ákærði greindi frá því að hann hefði stundað afleiðuvíðskipti sem í ákæru greinir í hagnaðarskyni og hagnast á þeim. Hann kvaðst hafa gert sjö samninga og hagnast á þeim tveim sem lýst er í ákærinni, en tap á fimm slíkum samningum. Agóði hans vegna þessara víðskipta á árinu 2006 hafi verið um 12.000.000 króna. Hann lýsti því hvernig afleiðuvíðskiptin sem um ræðir komust á, en ákærði kvaðst hafa þekkt starfsmenn MP fjárfestingarbanka. Hann kvað erfitt að fylgjast með því hvort hann væri í hagnaði eða tapi á hverjum tíma vegna þessara víðskipta og skýrði hann það. Fjármunir hafi verið lagðir inn á tryggingareikning í MP fjárfestingarbanka í nafni bankans sem hafi annast víðskiptin. Hagnaðurinn sem í ákæru greinir hafi síðan verið notaður til frekari víðskipta sem ákærði hafi gefið fyrir mæli um eftir að hafa fengið upplýsingar hjá miðlara í bankanum um hvaða fjármunir voru inni á tryggingareikningnum. Ákærði kvaðst ekki vita hvort hann hefði getað tekið peningana út af reikningnum, en það hafi verið ákvörðun sín að nýta þá til frekari víðskipta hverju sinni. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér reglur um skattlagningu víðskipta sem þessara. Ákærði kvað það sem rakið hefur verið skýra hvers vegna þessa sé ekki getið í skattframtalinu sem í ákæru greinir. Ástæðan hafi verið sú að bankanum hafi láðst að senda upplýsingarnar sem ákærði bað um að sendar yrðu endurskoðandanum.

Fyrir liggur að ákærði sendi tölvupóst til starfsmanns MP banka hinn 11. maí 2007, þar sem hann bað bankann um að senda A yfirlit yfir víðskipti sín hjá MP banka árið áður. Fyrir liggja gögn um að bankinn sendi A gögnin með tölvupósti 14. maí 2007, og ákærði fékk afrit af þeim pósti. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa opnað póstinn þar sem hann hafi séð að A hefði fengið póstinn. Ákærði kvaðst hafa treyst A til þessa verks eins og áður auk þess sem hann treysti því að bankinn myndi senda allar upplýsingar sem þeim bar varðandi gerð skattframtalsins. Tölvupósturinn sýni að ákærði ætlaðist til þess að bankinn sendi A öll gögn um víðskiptin og ljóst hafi verið að þessi sending tengdist gerð skattframtals ákærða og því hafi bankanum borið að senda öll gögn þar að lútandi og ákærði hafi treyst því að svo hafi verið gert. Ekkert átti þar að undanskilja að sögn ákærða. Ákærði kvað A hafa sent framtalið rafrænt og geymt gögn vegna þessa. Ákærði kvaðst ekki hafa yfirfarið skattframtalið áður en A skilaði því. Í ljós kom síðar að upplýsingarnar um skiptasamningana voru ekki með í yfirlitinu sem bankinn sendi A og hafi mistökin þá komið í ljós. Ákærði kvaðst hafa áttað sig á þessu eftir að hafa fengið bréf frá skattrannsóknarstjóra. Í framhaldinu hafi verið endurákvæðaður skattur og honum gert að greiða 12.000.000 króna auk 25% álags sem hann greiddi. Ákærði kvaðst þannig hafa treyst því að allar upplýsingar hefðu verið sendar A sem ekki varð. Hann hafi þannig talið að skattframtalið sem A sendi hefði verið rétt. Engar skýringar hafi fengist á þessu. Það hljóti að hafa verið fyrir mannleg mistök, að sögn ákærða, að ekki voru öll gögn send, eins og óskað hafði verið eftir.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að MP fjárfestingarbanki dró ekki af og skilaði staðgreiðslu vegna afleiðusamninganna sem hér um ræðir. Ákærði kveðst ekki vita hvort staðgreiðsla var dregin af vegna víðskiptanna.

Vitnið A endurskoðandi kvaðst hafa rekið bókhalds- og framtalsþjónustu í 25 ár og hafa talið fram fyrir ákærða frá árinu 1999. Hann lýsti vinnu við gerð

skattframtala fyrir ákærða. Hann kvað þann háttinn hafa verið hafðan á við gerð þeirra að ákærði hafi beðið þá aðila sem hann hafi átt í viðskiptum við að senda sér í tölvupósti upplýsingar sem þurfti til gerð skattframtals. Hann kvað þessa framkvæmd hafa gengið án hnökra ef frá er talið tilvikið sem hér um ræðir og engin vandamál komið upp. Það sem hér gerðist var að MP fjárfestingarbanki sendi vitninu upplýsingar um viðskipti ákærða árið sem hér um ræðir. Hann kvaðst ekki hafa haft neina ástæðu til að hafa samband við ákærða vegna framtalsins eftir að hann hafði fengið gögnin frá viðskiptabanka hans. Hann hafi ekki séð að nokkrar upplýsingar vantaði og hann minntist þess ekki að bankar hefðu ekki sent umbeðin gögn eins og í þessu tilviki. Vitnið kvað það hafa nægt að einhverjar upplýsingar hefðu borist frá bankanum um viðskiptin sem hér um ræðir, þá hefði málið verið kannað nánar og úr því verið bætt áður en framtalinu var skilað.

Vitnið B var starfsmaður MP fjárfestingarbanka á þeim tíma sem í ákæru greinir. Hún var spurð um tölvupóst frá ákærða til bankans þar sem ákærði bað um að A yrði sent yfirlit um viðskipti ákærða hjá bankanum á árinu 2006. B sendi póstinn. Hún mundi ekki eftir þessu og taldi sig hafa verið beðna um að senda viðskiptayfirlit. Hún mundi ekki hver bað hana um að senda það. Hún hafi ekki fengið fyrirmæli um að halda neinum gögnum eftir. Hún viti ekki hvers vegna ekki fylgdu upplýsingar um viðskiptin sem um ræðir í ákæru.

Vitnið C var framkvæmdastjóri MP fjárfestingarbanka á þessum tíma. Hann kvaðst engin samskipti hafa átt við ákærða sem hann muni eftir. C var spurður um skýringar þess að bankinn sendi endurskoðanda ákærða ekki öll gögn, þ.e. ekki upplýsingar um afleiðuviðskiptin sem um ræðir í ákærunni, eins og ákærði bað um. C kunni ekki skýringar á þessu nema að þetta hafi verið mistök bankans. Ekkert hafi verið í samskiptum bankans við ákærða eða í reglum innan bankans sem gerði það að verkum að upplýsingarnar sem ákærði bað um að væru sendar voru ekki sendar. Það hafi verið mistök bankans að senda ekki upplýsingar um afleiðuviðskiptin eða afleiðusamningana eins og samningarnir heita.

C kvað bankann ekki hafa dregið fjármagnstekjuskatt af afleiðusamningum á þessum tíma. Hann mundi ekki hvort viðskiptavinir hefðu verið upplýstir um þetta. Ekkert í samningum eða samskiptum ákærða við bankann hafi gert það að verkum að ákærði hafi vitað að bankinn sendi allar upplýsingar til endurskoðandans nema upplýsingar um afleiðuviðskiptin.

Vitnið D var stjórnarformaður MP fjárfestingarbanka á þeim tíma sem hér um ræðir. Hann vissi ekki hvers vegna bankinn sendi ekki endurskoðanda ákærða öll gögn um viðskipti ákærða við bankann á árinu 2006 eins og ákærði bað um í tölvupósti. Hann kunni ekki skýringar á því hvers vegna upplýsingarnar um skiptasamningana bárust ekki til endurskoðandans. Hann taldi að starfsmönnum hefði láðst að láta upplýsingarnar fylgja og trúlega skýringin væri sú að viðskipti sem þessi hafi ekki verið mjög algeng að sögn hans. Hann viti ekki um neitt í viðskiptum ákærða við bankann sem hafi leitt til þess að upplýsingarnar voru ekki sendar. Hann taldi trúlegustu skýringuna þá að upplýsingar um afleiðuviðskiptin hefðu verið „utan kerfa“ í bankanum og því ekki fylgt með. Það að gögnin voru ekki send hafi verið mistök bankans.

D kvað hafa verið rétt við endurskoðendur bankans um það hvort halda ætti eftir bráðabirgðastaðgreiðslu vegna hagnaðar af afleiðuviðskiptum. D kvað þetta hafa

verið gert vegna mismunandi framkvæmdar hjá öðrum bönkum og lýsti hann því nánar. Niðurstaðan var sú að halda ekki eftir staðgreiðslu vegna hagnaðar viðskiptavina af þessum viðskiptum. Hann mundi ekki hvort viðskiptavinir hefðu verið upplýstir um þetta.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök og vísar meðal annars til þess að MP fjárfestingarbanki hafi ekki sent endurskoðanda sínum umbedin gögn eins og rakið var. Þetta hafi verið mistök bankans og afleiðingarnar þær að fjármagnstekjur vegna þeirra tveggja skiptasamninga sem í ákæru greinir voru ekki taldar fram.

Ákærði faldi öðrum gerð skattframtals síns vegna tekjuársins 2006, eins og rakið hefur verið. Það leysir ákærða ekki undan ábyrgð á skattskilum sínum enda hvílir framtalsskyldan á ákærða sjálfum, sbr. 2. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ákærði bað MP fjárfestingarbanka um að senda yfirlit um viðskipti sín hjá bankanum vegna ársins 2006, eins og rakið var að framan. Með vísan til vitnisburðar C, D og B, sem öll tengdust bankanum á þessum tíma, verður að telja að það hafi verið mistök að senda ekki gögnin um viðskiptin sem í ákæru greinir. Hins vegar fékk ákærði sama tölvupóst og endurskoðandi hans, en ákærði opnaði ekki póstinn, heldur treysti því að hann væri réttur. Ef tekið er mið af frásögn ákærða um menntun sína og starfsreynslu má vænta þess að hann hafi nokkra þekkingu á því sviði sem hér um ræðir. Með úrskurði ríkisskattstjóra, dagsettum 23. nóvember 2011, var ákærða gert að greiða viðbótaskatt á grundvelli lagaákvæðanna sem í ákæru greinir. Ákærði kvaðst ekki hafa kært úrskurðinn og greitt skattinn. Hinar vanframtöldu fjármagnstekjur eru skattskyldar skv. 3. tl. c-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt eins og lýst er í ákærunni. Tekjurnar sem um ræðir námu háum fjárhæðum og var óvarlegt af ákærða að lesa hvorki skattframtalið yfir fyrir skilin, né að opna tölvupóstinn sem gerð skattframtalsins byggðist á og honum var kunnugt um. Þá vissi ákærði, vegna samskipta sinna við MP fjárfestingarbanka, hver staða viðskiptanna sem hér um ræðir var, enda fékk hann upplýsingar um stöðuna er hann ákvað viðskipti hvert sinn, eins og hann bar um fyrir dóminum. Saknæmisskilyrði skv. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt eru ásetningur eða stórfellt hirðuleysi. Sambærileg saknæmisskilyrði eru skv. 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga ásetningur eða stórfellt gáleysi. Þegar allt ofanritað er virt í heild og sérstaklega fjárhæðirnar sem um ræðir, það að ákærði opnaði ekki tölvupóstinn sem innihélt gögnin sem skattframtalið byggðist á, auk þess sem hann las ekki skattframtalið yfir fyrir skil, verður að virða ákærða þetta sem stórfellt hirðuleysi og stórfellt gáleysi í skilningi lagaákvæðanna sem að ofan greinir. Það er því mat dómsins og er litið er til brotaandlagsins að ákærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um brot þau sem í ákæru greinir og er brot hans þar rétt fært til refsíákvæða.

Ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við lög. Brot ákærða er ekki ásetningsbrot og er tekið mið af því við refsíákvörðun. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir.

Auk refsivistar ber að dæma ákærða til greiðslu sektar eins og mælt er fyrir um í lagaákvæðunum sem í ákæru greinir. Ekki eru fyrir hendi nein þau atvik sem leiða til þess að að dæma lægri sektargreiðslu en tvöfalt brotaandlag svo sem mælt er fyrir um í lögum sem vísað er til í ákærunni. Er ákærða samkvæmt þessu gert að greiða 24.006.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 4 mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja. Við ákvörðun vararefsingar er litið til þess hver viðurlög ákærða kynnu að hafa verið gerð ef ekki væri mælt fyrir umlagmark þeirra í lögum.

Ákærði greiði 878.500 króna málsvarnarlaun Jóns Elvars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hulda Hákonardóttir fulltrúi flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Guðjón St. Marteinson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, M, sæti fangelsi í 3 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í 2 ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsing hans niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 24.006.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 4 mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 878.500 króna málsvarnarlaun Jóns Elvars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns að meðtöldum virðisaukaskatti.

Guðjón St. Marteinson